

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
49. fundur.

Miðvikudaginn 16. apríl 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum. kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins um þjóðlendur á svæði 7. Ólafur Björnsson hrl, mætir á fundinn.
2. Íbúafundur vegna gerðar aðalskipulags og Staðardagskrá 21, fyrir Húnavatnshrepp.
3. Drög að samningum byggðasamlaga um verkefni Héraðsnefndar.
4. Fundargerðir:
  - a) Landsþing sveitarfélaga dags. 4. apríl 2008.
  - b) Verkfundar vegna nýbyggingar leikskóla dags. 3. apríl 2008.
  - c) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps dags. 8. apríl.
  - d) Heilbrigðisnefndar Norðurland vestra dags. 2. apríl.
  - e) Fundur með fulltrúum Landsnets dags. 2. apríl 2008.
  - f) Fundur iðjunefndar A-Hún dags. 14. mars 2008.
  - g) Fundur byggingarnefndar 1. apríl 2008.
5. Bréf:
  - a) Frá Skólahreysti- dags. mars 2008.
  - b) Frá Landgræðslu ríkisins dags. 14. mars 2008.
  - c) Frá Óskari L.Guðmundssyni dags. 11. mars 2008.
  - d) Frá Textílsetri Íslands dags. 22. apríl 2008.
  - e) Frá Vilko ehf. dags. 23. apríl 2008.
  - f) Frá Samb. ísl. Sveitarfélaga dags. 4. mars 2008.
  - g) Frá Auðkúluheiði ehf.
6. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.05

Samþykkt var að gera þá breytingu á dagskrá fundarins að taka fyrir skýrslu sveitarstjóra undir dagskrárlið 1. aðrir dagskrárliðir færast aftur sem því nemur.

**1. Skýrsla sveitarstjóra.**

Samþykkt var að halda sveitarfund að Húnavöllum sunnudaginn 4. maí kl. 20.30.

Fundir í fjallskiladeildum verða haldnir síðar í samráði við fjallskilastjórnir.

Kynnt drög að leigusamningi við Ferðaþjónustu Húnavatnssýslu vegna leigu á Húnavallaskóla sumurin 2009-2011, ásamt viðaukasamningi um rekstur sundlaugar.

Kynnt viðhaldsáætlun fyrir Húnavallaskóla unna af Línuhönnun.

Kynnt frumvarp frá landbúnaðarráðherra um endurskoðun á undanþágum frá I. Kafla I. Viðauka við EES-samninginn, 524. mál, EES-reglur, breyting ýmissa laga. (Varðar frjálsan innfluttning á kjötafurðum). Frestur til umsagna er til 25. apríl n.k.

Hreppsnefnd mun vinna að umsögn um málið.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
49. fundur.

**2. Kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins um þjóðlendur á svæði 7. Ólafur Björnsson hrl, mætti til fundar. Sigursteinn Bjarnason formaður sjálfseignastofnunar Eyvindastaðarheiðar mætti einnig til fundar.**

Fyrir fundinum liggur kröfulýsing fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 7 A, mið-Norðurland, sunnanvert. 2. hluti varðar hluta Skagafjarðarsýslna og hluta Austur-Húnavatnssýslu, þ.e. fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepp vestur að Blöndu, að mörkum svæðis 8. Að sunnan nær kröfusvæðið að mörkum miðhálandis m.t.t. marka svæða 1 og 3 til norðurs.

Ólafur Björnsson lagði fram kort yfir það svæði sem ríkið gerir kröfur í. Ýmsar athugasemdir komu fram varðandi svæðamörk. Rætt um vinnuna framundan og þann undirbúning sem hugsanlega þarf að vinna hér heima til að auðvelda vörn í málinu.

Ólafur og Sigursteinn yfirlögðu fundinn.

**3. Íbúafundur vegna gerðar aðalskipulags og Staðardagskrá 21, fyrir Húnavatnshrepp.**

Hreppsnefnd samþykkir að halda íbúafund vegna gerðar aðalskipulags að Húnavöllum þriðjudaginn 29. apríl kl. 20.00

Hreppsnefnd hefur samþykkt að skipta með sér verkum vegna undirbúnings við gerð aðalskipulags og Staðardagskrár 21.

Við undirbúning aðalskipulags vinna: Björn Magnússon, Gróa Lárusdóttir, Tryggvi Jónsson og Birgir Inghórssón

Við undirbúningi Staðardagskrár 21 vinna: Jón Gíslason, Jóhanna Pálmadóttir og Ólöf Björnsdóttir.

**4. Drög að samningum byggðasamlaga um verkefni Héraðsnefndar.**

Umfjöllun frestað þar sem nefndin sem vinnur að málinu hefur ekki lokið störfum.

**5. Fundargerðir:**

**a) Landsþing sveitarfélaga dags. 4. apríl 2008.**

Lögð fram til kynningar

**b) Verkfundar vegna nýbyggingar leikskóla dags. 3. apríl 2008.**

Lögð fram til kynningar

**c) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps dags. 8. apríl.**

Drög að samningi um akstur skólabarna skólaárin 2008-2009 til 2010-2011 var til umsagnar í fræðslunefnd, sem gerði ekki athugasemd við hann.

Oddviti bar samning við Bilstjórafélag Húnavallaskóla um akstur skólabarna skólaárin 2008/2009 til 2010/2011 upp til samþykktar.

Hreppsnefnd samþykkti með öllum greiddum atkvæðum að ganga til samninga við Bilstjórafélag Húnavallaskóla á grundvelli fyrirliggjandi samnings.

Hreppsnefnd samþykkti að boða skólastjóra og formann fræðslunefndar til næsta fundar í hreppsnefnd, til umræðu um málefni Húnavallaskóla.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
49. fundur.

**d) Heilbrigðisnefndar Norðurland vestra dags. 2 apríl.**

Lögð fram til kynningar.

**e) Fundur með fulltrúum Landsnets dags. 2. apríl 2008.**

Lögð fram til kynningar.

**f) Fundur iðjunefndar A-Hún dags. 14. mars 2008.**

Lögð fram til kynningar.

**g) Fundur byggingarnefndar 1. apríl 2008.**

Fundargerðin var samþykkt.

**6. Bréf:**

**a) Frá Skólahreysti- dags. mars 2008.**

Efni: Umsókn um styrk.

Hreppsnefnd samþykkti að styrkja verkefnið um 20 þúsund kr.

**b) Frá Landgræðslu ríkisins dags. 14. mars 2008.**

Efni: Samráð við sveitarfélög varðandi héraðsáætlanir Landgræðslunnar.

Hreppsnefnd samþykkir erindið.

**c) Frá Óskari L.Guðmundssyni dags. 11. mars 2008.**

Efni: Ósk um ristahlið. Hreppsnefnd vísar erindinu til Vegagerðarinnar.

**d) Frá Textílsetri Íslands dags. 22. apríl 2008.**

Efni: Fundarboð. Boðað er til fulltrúaráðsfundar Textílseturs Íslands þann 22. apríl n.k. kl. 16.00 í fundarsal Textílsetursins að Árbraut 31. Blönduósi.

Jóhanna Pálmadóttir var tilnefnd í fulltrúaráð Textílsetursins og Helga Thoroddsen til vara.

**e) Frá Vilko ehf. dags. 23. apríl 2008.**

Efni: Fundarboð. Boðað er til aðalfundar Vilko miðvikudaginn 23. apríl n.k. kl.

15.00 í Sjálfstæðishúsinu á Blönduósi. Björn Magnússon var tilnefndur sem fulltrúi Húnavatnshrepps á fundinum.

**f) Frá Samb. ísl. Sveitarfélaga dags. 4. mars 2008.**

Efni: Skólamálastefna Samb. Ísl. Sveitarfélaga.

Lögð fram til kynningar. Samþykkt að senda fræðslunefnd og foreldraráði Húnavallaskóla gögnin til kynningar.

**g) Frá Auðkúluheiði ehf.**

Efni: Fundarboð. Aðalfundur verður miðvikudaginn 30. apríl n.k. kl. 11.00.

Samþykkt að Björn Magnússon fari með atkvæði Húnavatnshrepps á fundinum.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
49. fundur.

**7. Önnur mál**

Tryggvi Jónsson kynnti fundargerð stjórnar Bændasjóðs Bólstaðarhlíðarhrepps frá þriðjud. 15. apríl 2008. Hreppsnefnd samþykkti fundargerðina.

Oddviti kynnti bréf frá Birni Þór Kristjánssyni vegna Hveravallafélagsins þar sem fram kemur að hann hefur ekki hug á að nýta forkaupsrétt sinn í helmings hlut Bjarka Kristjánssonar.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.40

---

Björn Magnússon

---

Tryggvi Jónsson

---

Jón Gíslason

---

Birgir Ingbórsson

---

Jóhanna E Pálmadóttir

---

Ólöf Birna Björnsdóttir

---

Gróa M Lárusdóttir

---

Jens P. Jensen